

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogi

Reykjavík, 19. júní 2017

Efni

Umsögn *Samtaka um bíllausan lífsstíl* um vinnslutillögur Borgarlínu, vegna breytinga á svæðisskipulaginu Höfuðborgarsvæðið 2040 sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Almennt

Samtök um bíllausan lífsstíl fagnar því að áform um Borgarlínu hafa loksins litið dagsins ljós. Nauðsynlegt er að fjölga raunverulegum valkostum í samgönguháttum íbúa á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst með tilliti til þess að búist er við að íbúum komi til með að fjölga um að minnsta kosti 70 þúsund á næsta aldarfjórðungi. Borgarskipulag sem býður upp á raunverulega valkosti í samgöngum rammar inn breyttar samgönguvenjur. Til að notkun á nýju hágæðakerfi verði eftirsóknarverð er nauðsynlegt að hvergi verði til sparað við að gera það sem best úr garði. Kostirnir eru fjölmargir og ótvíræðir.

Kostnaður - sparnaður - hagnaður

Talsvert hefur borið á fjölmiðlaumfjöllun um kostnað, sem er talinn verða um 70 milljarðar. Sjaldan er þess getið að þessari upphæð verður varið á 23 ára tímabili, til ársins 2040. Sjaldan er þess heldur getið, hver kostnaðurinn er á lagningu og viðhaldi vega fyrir einkabíl á hverju ári - né hver sá kostnaður er á 23 ára tímabili. Sá kostnaður kemur til með að lækka umtalsvert, að því marki að framkvæmd Borgarlínu kemur til með að spara ríki og sveitarfélögum mikinn og stighækkandi kostnað af malbiki og viðhaldi þess. Borgarlína kemur til með að auka ráðstöfunartekjur heimila, sem gætu loks átt kost á því að minnka við bílferðir og jafnvel sleppa fjárfestingum og rekstri á bifreið. Þá eru ótalin margföldunaráhrif framkvæmdarinnar á verslun, þjónustu og búsetu sem myndast í kringum kjarnastöðvar og þéttingarása þeim tengdum. Koma þeir til með að verða lyftistöng fyrir hverfis- og bæjarkjarna. Staðbundinn hagvöxtur mun aukast og menningar- og afþreyingarstarf gæti fengið tækifæri til að blómstra og þannig styrkt hverfi og bæjarkjarna enn frekar.

Umhverfispættir

Mikilvægt er að hafa umhverfispætti í huga og siðferðislega skyldu höfuðborgarsvæðisins og íbúa þess að bregðast við loftslagsbreytingum af manna völdum. Með því að bjóða upp á raunverulega valkosti í samgöngum, takmörkum við á sama tíma losun gróðurhúslofttegunda og drögum verulega úr svifryksmengun - sem er einmitt með allra hæsta móti á heimsvísu á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er rétt að hafa í huga, að með því að auka eftirspurn eftir einkabílum, hvort sem þeir eru rafknúnir eða ganga fyrir eldsneyti, skiljum við eftir okkur aukið vistspor. Framleiðsla á hverjum einasta bíl er einkar mengandi, hún þarfnast mikillar orku og krefst notkunar á dýrum hráefnum sem ganga á náttúruauðlindir jarðar.

Fyrir hönd Samtaka um bíllausan lífsstíl,

Björn Teitsson, formaður.